

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, Vatnsskarðsnáma.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í því að efnistökusvæðið Vatnsskarðsnámur verður nefnt Vatnsskarðsnáma, svæðið stækkað til austurs og suðurs á kostnað óbyggðs svæðis auk þess sem norðurmörk þess verða leiðrétt.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*